



Ársskýrsla Skátafélagsins Vífils Starfsárið 2014



Skátafélagið Vífill
Jötunheimum
Bæjarbraut 7
210 Garðabæ

Sími 565 8820, 565 8989
Netfang: vifill@vifill.is
Veffang: www.vifill.is
2015/mars
Ábyrgð: Stjórn skátafélagsins Vífils

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
1 Stjórn, starfsmenn og foringjar	5
1.1 Stjórn og starfsmenn.....	5
1.2 Sveitarforingjar og aðstoðarsveitarforingjar	5
1.3 Fararstjórn á skátamót.....	7
1.4 Sumarnámskeið	7
2 Samstarf við Garðabæ, BÍS og HSG	8
2.1 Samningur um skátastarf í Garðabæ	8
2.2 Skátafélag á réttri leið.....	8
2.3 Samstarf við HSG.....	9
3 Skátastarf	9
3.1 Fjöldi skáta	9
3.2 Bakland.....	11
3.3 Húsnæði og búnaður	12
3.4 Dagbók Vífils 2014	13
3.5 Undirbúningur fyrir Alheimsmót skáta	26
4 Skýrslur skátasveita.....	27
4.1 Drekkaskátar 7-9 ára.....	28
4.2 Fálkaskátar 10-12 ára.....	28
4.3 Dróttaskátar 13-15 ára – DS. Fenris.....	30
4.4 Rekkaskátasveitin RS Islandus	31
4.5 Róverskátar 19-22 ára.....	31
5 Skýrslur fastanefnda	32
5.1 Húsnefnd.....	32
5.2 Skálanefnd.....	36
5.3 Fræðslu- og kynningarráð	36
6 Sumarstarf Vífils.....	37

Inngangur

Skátafélagið Vífill í Garðabæ var stofnað 20. apríl 1967. Félagið er aðili að Bandalagi íslenskra skáta (BÍS). Skátastarfið fer fram í eigin húsnæði, Jötunheimum að Bæjarbraut 7. Útilíf skátanna fer að mestu fram í nágrenni Jötunheima, og við skátaskálann Vífilsbúð sem stendur sunnan við Heiðmörk.

Árið 2014 var þrettánda starfsár félagsins samkvæmt þjónustusamningi við Garðabæ. Samningurinn kveður á um áherslur í skátastarfi í bænum. Ársskýrslan er aðlöguð þessum samningi við Garðabæ þar sem m.a. kveðið er á um að fram komi nákvæmar tölur um fjölda þátttakenda í skátastarfi. Skýrslan skýrir, eins og áður, frá starfi almanaksársins, hverjir voru foringjar og aðrir verkefnastjórar.

Ef litið er til baka yfir árið ber það hæst landsmót skáta og átti félagið fjölmennasta hópinn þar. Fjölgun hefur orðið í dreka- og fálkaskátasveitunum auk þess sem rekkasveitin heldur sér. Foringjastöður eru vel mannaðar og almennt gengur starfið mjög vel. Sumarnámskeiðin tókust afar vel og voru fjölmenn.

1 Stjórn, starfsmenn og foringjar

1.1 Stjórn og starfsmenn

Ný stjórn Vífils tók til starfa eftir aðalfund félagsins, sem haldinn var 6. mars 2014. Jóhann S. Erlendsson lét af störfum og í hans stað kom Andri Gunnarsson. Að öðru leyti varð ekki breyting á stjórn félagsins. Stjórnin fundaði 10 sinnum á árinu 2014.

Stjórn:

Félagsforingi	Hafdís Bára Kristmundsdóttir
Aðstoðarfélagsforingi	Hildur Hafsteinsdóttir
Gjaldkeri	Guðbjörg Þórðardóttir
Ritari	Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir
Meðstjórnandi	Unnsteinn Jóhannsson
Meðstjórnandi	Hjálmar Örn Elísson Hinz
Meðstjórnandi	Andri Gunnarsson

Starfsmenn:

Guðrún Þórey Sigurbjörnsdóttir
skrifstofa
Jóhanna Þorgrímsdóttir
ræstingar og umsjón með sal.

Endurskoðendur:

Björn Hilmarsson
Karl Rúnar Þórsson

Umsjónarmaður fasteigna

Brynjar Hólm Bjarnason

Formaður húsfélags

Húsnefnd:

Björn Hilmarsson
Jóhann S. Erlendsson
Sverrir Magnússon

Skálanefnd:

Húsnefndarmenn sinntu skálanum ásamt baklandi

Fræðslu- og kynningarráð:

Var ekki starfandi þetta ár

Innleiðingarforingi:

Var ekki starfandi þetta ár

1.2 Sveitarforingjar og aðstoðarsveitarforingjar

Vífill býr að sterkum hópi foringja og aðstoðarforingja sem margir hverjir hafa verið virkir skátar frá barnsaldri. Haustið 2014 voru skipaðir tveir deildarforingjar sem höfðu yfirumsjón með starfi drekaskáta- og fálkaskátasveita og studdu við foringjana í þeirra störfum. Það voru þau Unnsteinn Jóhannsson og Hrafnhildur Sigurðardóttir. Sveitarforingjar voru alls 16 og uppfylltu allir reglugerð um hæfi sveitarforingja. Aðstoðarsveitarforingjar voru alls 14 og nokkrir þeirra skipa nú stöður sveitarforingja. Meðalaldur sveitarforingja er 23 ár. Ánægjulegt er að margir foringjar hafa gegnt stöðum sínum um nokkurra ára skeið og skapar það stöðugleika. Foringjar þiggja ekki laun fyrir starf sitt en félagið færir þeim jólagjöf og sumargjöf fyrir vel unnin störf. Sveitarforingjar fá merktar peysur og allir fengu á sl. ári

stálbolla með nafninu sínu og félagsins. Félagið greiðir einnig námskeiðsgjöld fyrir foringjana. Foringjaráð fundar einu sinni í mánuði undir stjórn aðstoðarfélagsforingja og starfsmanns. Allir foringjar fengu kynningu á verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ* sem er eineltisáætlun grunnskólanna. Í Garðabæ er unnið að verkefni sem kallað er *Velferð barna í Garðabæ* og er fræðsla til félagasamtaka og samstarf við þau í brennidepli.



Aðstoðarsveitarforingjar á aðalfundi 2014

Stöður sveitarforingja og aðstoðarsveitarforingja voru svo skipaðar árið 2014:

Sveitarforingjar vor 2014

Alexandra Ýr van Erven
Atli Bachmann
Bergþóra Ólöf Björnsdóttir
Eyrún Ósk Stefánsdóttir
Gréta Björg Unnarsdóttir
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Jóhann Malmquist Jokkna
Kristján Andri Gunnarsson
Magnús Jökull Traustason
Ólafur Patrick Ólafsson
Salbjörg Kristín Sverrisdóttir
Unnsteinn Jóhannsson

Aðstoðarsveitarforingjar vor 2014

Arnar Páll Jóhannsson
Eva Lára Einarsdóttir
Erik Þór Hillers
Fanndís Eva Friðriksdóttir
Halldór Fannar Sveinsson
Kristín Helga Sigurðardóttir
Snorri Magnús Elefsen
Stefán Gunnarsson
Urður Björg Gísladóttir

Sveitarforingjar haust 2014

Arnar Páll Jóhannsson
Atli Bachmann
Eyrún Ósk Stefánsdóttir
Fanndís Eva Friðriksdóttir
Hjördís Þóra Elíasdóttir
Ingólfur Árnason
Magnús Jökull Traustason
Ólafur Patrick Ólafsson
Salbjörg Kristín Sverrisdóttir
Snorri Magnús Elefsen
Urður Björg Gísladóttir

Aðstoðarsveitarforingjar haust 2014

Christa Hörpudóttir
Eiríkur Egill Gíslason
Erik Þór Hillers
Halldór Fannar Sveinsson
Kristín Helga Sigurðardóttir
Laufey Sverrisdóttir
Sigurður Pétur Markússon

1.3 Fararstjórn á skátamót

Drekaskátamót:

Landsmót skáta

Landnemamót í Viðey:

Unnsteinn Jóhannsson
Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir
Atli Bachmann
Ólafur Patrick Ólafsson

1.4 Sumarnámskeið

Umsjón sumarnámskeiða Vífils:

Hervald Rúnar Gíslason
Thelma Rún van Erven

Sumarstarfsmenn úr Vinnuskóla:

Arnar Breki Eyjólfsson
Chantal Ösp van Erven
Bjarki Steinn Þórisson
Emil Gunnlaugsson
Einar Ingi Eyþórsson
Ellert Kárasen
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson
Huldar Hlynsson

Laufey Sverrisdóttir
Ólafur Hákon Sigurðarson
Óskar Ingólfsson
Sara Ósk Þorsteinsdóttir
Védís Mist Agnadóttir
Þorsteinn
Þórir Björn Guðjónsson

2 Samstarf við Garðabæ, BÍS og HSG

2.1 Samningur um skátastarf í Garðabæ

Í júní var undirritaður samstarfssamningur við Garðabæ sem gildir til ársins 2017 eða í þrjú ár. Samningnum er þó hægt að segja upp með sex mánaða fyrirvara og skal endurskoðaður við undirbúning fjárhagsáætlunar hvers árs. Í samningnum er kveðið á um hlutverk félagsins, ramma um starfið, menntun og fræðslu til leiðbeinenda auk þess að félagið uppfylli gæðaviðmið BÍS. Sérstaklega er getið þeirra föstu verkefna sem félagið sér um fyrir bæinn s.s. dagskrár á sumardaginn fyrsta, sumarnámskeiða og samkvæmt þessum samningi, hátíðahöldin á 17. júní hvert ár. Áður var auglýst eftir umsjón með hátíðarhöldunum og félagið sótti þá um að sjá um dagskrána. Árlegur styrkur til félagsins er samkvæmt samningnum 9.400.000. Það eru um 63.000 kr. á starfandi skáta. Auk þess fær, félagið ásamt HSG, styrk í formi niðurfellingar fasteignagjalda. Bæjarstjóri og félagsforingi undirrituðu samninginn fyrir hönd félagsins 12. júní 2014.



Félagsforingjar Svana og Vífils ásamt bæjarstjóra

2.2 Skátafélag á réttri leið

Árið 2006 hlaut skátafélagið Vífill fyrst íslenskra skátafélaga gæðaviðurkenningu Bandalags íslenskra skáta, *Á réttri leið*. Gæðahandbók ásamt stefnumótun félagsins er endurskoðuð árlega og í mars 2011 óskaði félagið eftir endurnýjun gæðaviðurkenningarinnar. Til að hljóta viðurkenninguna þurfa skátafélög að uppfylla tilteknar gæðakröfur sem ná m.a. til skipulags og starfs félagsins, fjármála, fræðslumála og fleiri þátta.

Þann 15. júní 2011 afhenti Bragi Björnsson, skátahöfðingi Íslands, félaginu gæðaviðurkenningu BÍS og var Vífill þar með fyrsta skátafélagið hér á landi til að fá gæðaviðurkenningu endurnýjaða. Viðurkenningin gildir almennt í tvö ár. Gæðahandbók félagsins er aðgengileg á vef félagsins <http://vifill.is/um-felagi%3fb0/a-rettri-lei%3b0/>

Á árinu var unnið að endurskoðun gæðahandbókarinnar. Nokkrir kaflar komu nýir inn og öðrum var breytt í samræmi við þróun og aðrar breytingar. Markmiði félagsins er að fá gæðaviðurkenninguna endurnýjaða á árinu 2015.

2.3 Samstarf við HSG

Húsið Jötunheimar við Bæjarbraut hýsir bæði skátafélagið Vífil og Hjálparsveit skáta í Garðabæ (HSG) og hefur sambúð þeirra verið farsæl og samstarfið gott í gegnum árin. Samstarf félaganna felst m.a. í afnotum af húsnæði og búnaði, HSG fær t.d. salinn lánaðan endurgjaldslaust fyrir fundi. Hafa félagar HSG hjálpað til þegar aka hefur þurft ungum skátum langar vegalengdir. HSG hefur einnig afnot af sal og húsnæði Vífils yfir jóla og áramót vegna flugeldasölu. Öryggis vegna eru önnur afnot ekki leyfð á meðan á því stendur. HSG tók að þessu sinni ekki þátt í árlegum hreinsunardegi vegna annríkis við önnur verkefni. Félögin hafa unnið að breytingum á húsnæðinu sem fela í sér að byggt verður nýtt anddyri framan við húsið og þar komið fyrir lyftu upp á aðra hæð.

Samstarf HSG og Vífils var nokkuð fyrri hluta ársins en fór hægt af stað sl. haust. Að jafnaði sér HSG um einn fund rekkaskáta í mánuði.

3 Skátastarf

Skátafélagið Vífill er aðili að Bandalagi íslenskra skáta og starfar skv. meginmarkmiði skátahreyfingarinnar að því að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir, hjálpsamir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu. Rúm 100 ár eru síðan skátastarf hófst í heiminum og nú eru um 30 milljónir skáta starfandi innan vébanda skátahreyfingarinnar í meira en 200 þjóðríkjum. Skátar á Íslandi munu vera um 3000 alls.



Skemmtilegt í skátunum

3.1 Fjöldi skáta

Í árslok 2014 voru 115 starfandi skátar á aldrinum 7 til 22 ára í Vífli. Það er fjölgun frá árinu 2013 þegar 75 skátar á þessum aldri störfuðu með félaginu. Tekist hefur að halda inni stórum hópi skáta sem nú eru á aldrinum 16-22 ára og farið er að fjölga aftur í yngsta hópnum.


Fjöldatölur skáta eru fjöldi skátaskírteina sem gefin voru út vegna starfsársins 2014-2015. Alls voru gefin út 125 skírteini til félagsmanna Vífils og voru 81 þeirra vegna skáta á grunnskólaaldri eða frá 7-15 ára aldri og 34 þeirra vegna skáta á aldrinum 16-22 ára. Í eftirfarandi töflu má sjá fjöldatölur frá árinu 2010, annars vegar skáta á skátaaldrinum 7 – 22 ára og svo heildartölu að viðbættum skátum 23 ára og eldri. Í töflunni má sjá að fjöldi skáta hefur aftur náð því sem var árið 2011 eftir nokkra lægð 2012.

Fjöldi skáta í Vífli frá árinu 2010-2014

Árið	7 – 22 ára	Alls í félaginu
2014	115	141
2013	84	113
2012	75	98
2011	110	142
2010	99	123

Fjöldi í hverri sveit í desember 2014:

Skátasveit	Aldurshópur	Fjöldi
Drekaskátar	7 - 9 ára	16
Fálkaskátar	10-12 ára	41
Dróttaskátar	13-15 ára	24
Rekkaskátar	16-18 ára	27
Róverskátar	19-22 ára	6
Bakland	23 +	28



Fjölgun skáta í Vífli er viðvarandi verkefni fyrir félagið. Ekki hefur verið farið markvisst í það að fjölga félögum. Hvert ár er nokkur hópur barna sem kemur og fer og er það áskorun að halda í þann hóp. Sóknarfæri eru þó nokkur, sér í lagi þegar haft er í huga að sumarnámskeið Vífls njóta síaukinna vinsælda. Þá þarf að gæta sérstaklega að skátum 15 ára og eldri, en reynslan

hefur sýnt að margir heltast úr lestinni við upphaf framhaldsskóla ef ekki er gætt að því að þeim séu fengin áhugaverð verkefni við hæfi.

Foringjar og aðstoðarforingjar Vífils eru að jafnaði um 30 á aldrinum 16-50 ára. Skátafélagið reynir eftir megni að huga vel að foringjum, baklandi og stjórn, sem eru einstaklingar sem taka að sér ýmis konar verkefni í sjálfböðavinnu. Vífill hefur m.a. haft það fyrir sið að bjóða virkum aðilum úr þessum hópi foringja og baklands á nokkra viðburði yfir árið sem þakklætisvott fyrir óeigingjarnt starf og til þess að hrista hópinn enn betur saman.



Margar hendur vinna létt verk

3.2 Bakland

Vífill getur státað af sterku baklandi sem samanstendur af eldri skátum, foreldrum og öðrum velunnurum félagsins. Á póstlista baklandsins eru um 40 manns sem eru misvirkir. Segja má að um 20 manna hópur sé alltaf til staðar og sinni stærstu verkefnunum með stjórn og foringjum. Baklandið kemur að ýmsum verkefnum og dagskrárliðum félagsins svo sem félagsútilegu, hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta og 17. júní, skátamótum, umsjón og viðhaldi á húseignum auk ýmissa tilfallandi verkefna. Reglulega eru haldnir svokallaðir TTH fundir (Tekið-Til-Hendinni), þar sem bakland ásamt foringjum og stjórn hittist til að vinna að ýmsum endurbótum og viðhaldi á félagsheimili og skála Vífils. Umsjón og tengsl við baklandið eru í höndum stjórnar og starfsmanns Vífils. Virkustu baklandsliðunum er boðið í jólakvöldverð og hafa þeir einnig fengið að gjöf stálkaffibolla með merki félagsins.



Vöflubakstur í félagsútilegu

3.3 Húsnæði og búnaður


Skátafélagið Vífill hefur aðstöðu í eigin húsnæði, Jötunheimum að Bæjarbraut 7. Húsið er tæplega 1.000 m² að stærð og er um helmingur þess í eigu Vífils en hinn helmingurinn er í eigu Hjálparsveitar skáta í Garðabæ. Útikennslusvæðið eða skátagarðurinn við hlið Jötunheima hefur verið vel nýttur í starfinu frá haustinu. Svæðið býður upp á mikla möguleika til leikja og starfa. Hægt er að kveikja eld, sitja í varðeldalaut, klifra í trjánum, fara í ýmsa leiki svo eitthvað sé nefnt. Miklar vonir eru bundnar við frekari framkvæmdir á svæðinu sem munu auka enn á möguleikanna til útilífs. Því miður var svæðinu illa sinnt af hálfu garðyrkjudeildar bæjarins sl. sumar og framkvæmdum er ekki lokið. Að því þarf að huga fyrir næsta sumar.



Útilíf skátanna fer að mestu fram í nágrenni Jötunheima, og við skátaskálann Vífilsbúð sem stendur sunnan við Heiðmörk. Unnið hefur verið að því að finna nýja staðsetningu fyrir útilífsmiðstöð skáta í Heiðmörk og hefur nokkuð áunnist. Verkefnið helst nú í hendur við deiliskipulag Heiðmerkur og er í skoðun að byggja skálann og útivistarsvæðið við Grunnvötn. Deildar meiningar eru um hvort það verði við Grunnvötn syðri eða nyrðri.

Miklar framkvæmdir hafa verið frá því í haust á svæði Oddfellow við Vífilsbúð og golfvöllinn og hefur mikið af jarðvegi verið komið fyrir í nágrenni skálans og heftir aðgengi að honum. Ekki er ljóst hvaða áhrif það hefur á notkun hans. Eldvarnareftirlitið gerði allnokkrar athugasemdir við skálann og er unnið að því að bæta úr því. Vegurinn að skálanum er reyndar orðinn illfær og grýttur svo það er forgangsverkefni að vinna að umbótum á honum.

Þegar nýr skáli verður risinn eru líkur á að Vífilsbúð verði lögð af. Skálinn fluttur til eða seldur. Óljóst er því hvort farið verður í endurbætur sem nauðsynlegar eru. Vatnsleysi og léleg salernisaðstaða hamlar útleigu á skálanum.



Vífilsbúð böðuð í kvöldsólinni

Bifreið félagsins er komin til ára sinna og hefur verið óökufær síðan í haust. Hún nýttist vel á sumarnámskeiðunum og þar er nauðsynlegt að hafa stærri bíl til umráða. Bæði til flutninga á efni og búnaði barnanna í vettvangsferðir og til þess að skutla þeim sem af einhverjum ástæðum geta ekki hjólað eða gengið. Lagt er til að bifreiðin verði afskráð í ársbyrjun 2015 eða seld í varahluti.

Í Jötunheimum fer fram meira en starfsemi skáta og HSG, þar hittast m.a. meðlimir *Rotary*, og *Aglow*. Þá hafa Radíóskátar aðsetur í húsinu. Þar er einnig vel búinn veislusalur sem hentar vel til hvers kyns funda- og veisluhalda. Salurinn er fullbúinn með borðum og stólum fyrir allt að 100 manns og borðbúnaði fyrir 150 manns. Salurinn er útbúinn hljóðkerfi, skjávarpa og tölvu. Hægt er að leigja salinn jafnt að degi til og á kvöldin en um helgar verður veislum að vera lokið á miðnætti. Nú er svo komið að endurnýja þarf stólana í salnum og leita allra leiða til þess að auka leiguna á honum.

3.4 Dagbók Vífils 2014

JANÚAR

Þrettándagleði

Haldin var þrettándagleði í útigarðinum við Jötunheima. Þátttaka var ágæt þrátt fyrir fremur leiðinlegt veður. Sungnir voru nokkrir söngvar og skotið upp flugeldum sem HSG gaf. Allir fengu rjúkandi heitt kakó og kleinur.



Stóð ég úti í tungsljósi....

MARS

Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn 6. mars sl. Fundarstjóri var Karl Rúnar Þórsson. Andri Gunnarsson kom nýr inn í stjórn í stað Jóhanns S. Erlendssonar sem situr nú í húsnefnd. Karl Rúnar og Björn Hilmarsson voru kjörnir skoðunarmenn reikninga. Sveitarforingjar fluttu skýrslur sveita auk hefðbundinna aðalfundarstarfa.



Stjórnin 2014. Á myndina vantar Unnstein Jóhannsson

Skátaping 2014

Var haldið Snælandsskóla helgina 4.-6. apríl og var ágætis þátttaka frá Vífli, 12 fulltrúar. Þar var tekist á um ýmis málefni eins og breytingu á skátaheitinu og nefndarformenn. Góðar umræður urðu um fánakveðju og fleiri málefni.

APRÍL

Fermingarblað

Fermingarblað Vífils kom fyrst út fyrir 36 árum og er því komin löng hefð á útgáfuna. Í blaðinu eru birtir nafnalistar allra sem fermast í Garðabæ ásamt því að kynna starf skátafélagsins fyrir bæjarbúum. Fermingarblaðið var gefið út í um 3.500 eintökum og báru skátarnir sjálfir blöðin í hús bæjarbúa. Ekki var borið út í nýjasta hverfi bæjarins, Álftanes, en fermingarbörn í Bessastaðasókn fengu sitt pláss í blaðinu. Auglýsingasöfnun gekk ekki eins vel og undanfarin ár. Útburðurinn var gerður að æsispennandi flokkakeppni og var þeim flokki sem bar út flest blöð miðað við fjölda blaðbera, veitt verðlaun í skátamessunni á sumardaginn fyrsta. Ritstjórar Fermingarblaðsins árið 2014 voru Dögg Gísladóttir og Hildur Hafsteinsdóttir, þeim til aðstoðar var Björn Hilmarsson, fyrrum gjaldkeri Vífils og ritstjóri til marga ára. Sverrir Magnússon setti blaðið og sá um prentun. Fermingarblöð Vífils má skoða á <http://ferli.is/Fermblad/>



homepage.htm.

Framtíð fermingarblaðsins er óráðin og ljóst að hún þarfnast endurskoðunar. Auglýsingatekjur hafa dregist saman og bærinn stækkað til muna svo stækka þarf upplagið. Stjórn félagsins hefur því lagt til að útgáfu blaðsins verði hætt. Í stað þess verði gefið út sérstakt kynningarblað að hausti með greinum og myndum úr starfinu. Það verði gefið út í samstarfi við Garðapóstinn.



Vaskir skátar í skrúðgöngu

Sumardagurinn fyrsti

Skátafélagið hafði yfirumsjón með hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta í Garðabæ líkt og verið hefur í áratugi. Skátarnir tóku virkan þátt í guðspjónustu dagsins. Ræðumaður var Páll Hilmarsson. Að messu lokinni fór skrúðganga frá Vídalínskirkju að Hofsstaðaskóla þar sem fólk gat tekið þátt í skemmtilegri dagskrá og keypt sér veitingar á kaffihlaðborði Vífils. Umsjónarmaður dagskrár var Guðrún Þórey Sigurbjörnsdóttir.

Í skátamessunni voru afhent heiðursmerki. *Skátaliljuna úr silfri* fengu þau Alexandra Ýr van Erven, Eyrún Ósk Stefánsdóttir, Dögg Gísladóttir og Jóhann Malmquist Jokkna. *Skátaliljuna úr gulli* fékk Sigrún Flygenring. *Þórshamar úr silfri* fengu Bergþóra Ólöf Björnsdóttir og Jóhann S. Erlendsson.

Veitt voru áramerki eða starfsmerki skátahreyingarinnar, þeim skátum sem starfað hafa í 5, 10, 15 og 25 ár. 5 ára merki fengu þrír skátar, 10 ára merki fengu tveir skátar og 15 ára merki fékk einn skáti. Hanna Dóra Magnúsdóttir fékk 40 ára merki.

Gunni og Felix stigu á svið við Hofsstaðaskóla og skemmtu bæjarbúum með hressu og skemmtilegu atriði. Ýmislegt var í boði á útisvæði fyrir börnin t.d. veltibíllinn, hoppukastalar, kassaklifur, poppkornsgerð og sykurpúðagrill yfir opnum eldi. Dagurinn gekk mjög vel í alla staði þökk sé frábærum skátum sem tóku þátt í að gera daginn eftirminnilegan fyrir bæjarbúa.



Skátar endurnýja skátaheitið

Maí

Hreinsunaráttak Garðabæjar

Fimmtudaginn 8. maí var haldið hreinsunaráttak í samvinnu við Garðabæ. Skátar, foringjar, stjórn og foreldrar hreinsuðu og fegruðu nánasta umhverfi Jötunheima. Átakið er liður í hreinsunaráttaki Garðabæjar og er orðið að árlegum viðburði og er skyldumæting skátasveita. Skáti er náttúruvinur og samrýmist þetta verkefni því markmiði vel. Að verki loknu var grillað og slegið á léttu strengi að skátasið.

Foringjafjör

Foringjafjör var haldið 4. júní 2013 og tóku um 30 manns úr hópi foringja og baklands þátt í fjörinu. Byrjað var á að fara í keilu í Egilshöll þar sem liðin tókust á í hörku spennandi viðureign. Þá var farið á Steikhúsið Roadhouse á Snorrabraut og snæddir ljúffengir hamborgarar. Loks var farið í ratleik um miðbæinn og endað í snekkjunni Hörpu þar sem siglt var út að Viðey og Lundey.



Ferðamenn í höfuðborginni?

Foreldrafundir

Fararstjórn á Landsmót boðaði til funda með foreldrum skáta sem skráðir voru á mótið. Þar var dagskrá mótsins kynnt, hagnýtar upplýsingar um búnað og fleira. Foreldrar voru hvattir til þess að koma og taka þátt í ævintýrinu með börnum sínum og jafnframt hvattir til að rétta hjálparhönd. Mæting og stemning fyrir mótinu var góð.

Nokkrir fundir voru haldnir með hópnum sem ætlar á Alheimsmót skáta í Japan. Fjáraflanir fyrir það mót hafa staðið í nokkurn tíma og annar undirbúningur hefur gengið vel.

JÚNÍ

Drekaskátamót

Fyrstu helgina í júní var haldið drekaskátamót á Úlfljótsvatni. Voru það tíu áhugasamir drekaskátar úr Vífli sem mættu á mótið ásamt foringja, Unnsteini. Farið var í samfloti við Skátafélagið Segul. Gist var eina nótt í tjaldi og tekist á við spennandi verkefni á laugardeginum. Drekaskátarnir voru alsælir með mótið og komu þreyttir heim á sunnudeginum.



Bátafjör í blíðu

Sumarnámskeið

Sumarnámskeið Vífils hófu göngu sína 10. júní en starfsmenn mættu til undirbúningsvinnu nokkrum dögum fyrr eða 3. júní og hófst undirbúningurinn á tiltekt í húsinu, farið var yfir búnað og pantað inn það sem þurfti. Nánar er fjallað um sumarnámskeiðin í kafla 6.



Og ævintýrin gerast enn

17. júní

Skátafélagið hafði yfirumsjón með hátíðarhöldum á 17. júní í Garðabæ líkt og mörg undanfarin ár og er verkefnið nú sérstakur liður í samstarfssamningi við Garðabæ. Markmið skátanna var að venju að standa fyrir glæsilegri dagskrá, efla starfið inn á við og kynna á jákvæðan hátt stjórnun og starf félagsins gagnvart bæjarbúum og bæjaryfirvöldum.

Um morguninn gátu ungir sem aldnir m.a. prófað að sigla á kanó við ylströndina í Sjálandi og veitt sér til skemmtunar í Vífilsstaðavatni. Einnig var hægt að prófa golf, fara á hestbak og frítt var í sundlaugina á Álftanesi allan daginn. Um morguninn var formleg setning hátíðarhaldanna og barnadagskrá á Álftanesi í samstarfi við skátafélagið Svani. Þar stigu margir hressir skemmtikraftar á svið. Má þar nefna Íþróttaálfinn, Sollu Stirðu, Línu Langsokk og fleiri. Seinna um daginn var skemmtidagskrá við Ásgarð, þar sem Evróvision fararnir úr Pollapönk stigu á stökk, ásamt Jóni Jónssyni, Elvu úr *Ísland got talent* og Góa og Glóríu úr *Stundinni okkar*. Hátíðarhöldin tókust vel og létu bæjarbúar ekki á sig fá þótt hellirigndi á köflum. Þátttaka var mjög góð og betri en undanfarin ár. Inniaðstaða í Ásgarði koma að góðum notum svo og í Garðaskóla.



Burtu með fordóma....

Jónsmessuhátíð Grósku

Nokkrir skátar úr Vífli sem hyggja á þátttöku í Alheimsmóti skáta í Japan sáum um að kveikja elda á árlegri Jónsmessuhátíð Grósku sem haldin er í lok júní. Fengu þeir að launum ákveðna upphæð í ferðasjóð. Vala Dröfn Hauksdóttir sá um skipulagningu og ut anumhald.

Landnemamót í Viðey

Dagana 20.-23. júní 2014 hélt skátafélagið Landnemar árlegt skátamót í Viðey sem opið er öllum skátum 10 ára og eldri. Úr Vífli hafa jafnan farið drótt og rekkaskátar enda hentar dagskráin þeim vel.

JÚLÍ

Andlát heiðursfélaga



Sigurgeir Óskarsson fyrrverandi félagsforingi og heiðursfélagi Vífils var borinn til grafar 18. júlí sl. Fjölskylda hans færði félaginu af því tilefni mynd af honum og stofnaði styrktarsjóð Vífils. Í hann voru gefnar minningargjafir. Erfidrykkja fór fram í Jötunheimum. Félagið þakkar Sigurgeiri samfylgdina og sýnda tryggð í áratugi. Varðeldaskikkja hans er höfð í öndvegi í Jötunheimum.

Landsmót skáta

Þann 20.-27. júlí sl. var haldið Landsmót skáta að Hömrum á Akureyri og fór 60 manna hópur skáta á aldrinum 11-18 ára frá Vífli á mótið ásamt fríðu föruneyti úr stjórn og baklandi félagsins. Þema mótsins var „Í takt við tímann“ og verkefni sem í boði voru yfir mótstímann í takt við það. Dagskráin var fjölbreytt og ögrandi fyrir unga fólkið og endurspeglaði áherslur í skátastarfinu almennt sem eru að stuðla að heilbrigðri æsku og öflugum einstaklingum. Á mótinu var flakkað um tíma og rúm þar sem þátttakendur kynntust fortíð, nútíð og framtíð. Dagskráin byggðist uppá á þremur dagskrártorgum þar sem skátarnir voru ýmist búnir að velja sér dagskrárliði fyrirfram eða gátu „droppað inn“. Verkefni torgana voru síðan í anda þema hvers torgs fyrir sig. Skátarnir tókust því á við fjölbreytileg verkefni eins og bogfimi, járnsmíði í víkingaanda, forritun, radióvinnu auk fjölda annarra verkefna.



Hádegisverður

Hvert og eitt félag reisti sína tjaldbúð og var mikill metnaður hjá félögum að hafa sem flottasta aðkomu, glæsilegt hlið og sýna góða umgengi. Svæðið að Hömrum var því ævintýralandi líkast þessa viku þar sem tjaldbúðir skátafélaganna voru hver annarri metnaðarfullri og glæsilegri. Á svæði Vífils dvöldu fjórir til tíu skátar saman í hverju tjaldi og sameiginlega reisti hópurinn tvö stór eldhústjöld fyrir sameiginlega aðstöðu. Milli dagskrárliða komu skátarnir í tjaldbúð og fengu sér að borða og ómetanlegt var að fá aðstoð foreldra við matreiðslu fyrir svo stóran hóp. Ekki síður var gaman að fá að kynnast foreldrum barnanna.

Allur aðbúnaður var góður og vel fór um alla. Félagið þurfti að fá lánuð tjöld hjá skátum á Patreksfirði vegna fjöldans. Tjaldbúðin var hin glæsilegasta en afar þröngt var um þennan stóra hóp. Af óskiljanlegum ástæðum var skátafélagi frá Devon komið fyrir á sama svæði og Vífli og jók það á þrengslin. Hins vegar átti félagið gott samstarf við skátana frá Devon og er verið að skipuleggja heimsókn þangað.

Kvöldin einkenndust einnig af spennandi dagskrárliðum, varðeldum, „stórleik“, Hamravaka sem var einskonar menningarnótt landsmóts, sumar- og vetrarhátíð, og félagakvöldi þar sem félögin sáu um að skipuleggja sína eigin dagskrá. Á laugardeginum var sérstakur heimsóknar- og kynningardagur þar sem svæðið var opið almenningi. Þá er jafnan margt í boði fyrir fjölskyldur og einstaklinga. Sú hefð hefur skapast að Vífill býður öllum Garðbæingum sem mæta á svæðið þann daginn í grillveislu og voru að þessu sinni grillaðir um 150 hamborgarar fyrir gestina.



Kvöldstemming

Á landsmótinu voru um 2000 þátttakendur frá um 20 löndum og þegar mest var er talið að um 6-8000 manns hafi verið á svæðinu. Fjölskyldubúðir mótsins voru einnig þétt setnar og var ánægjulegt að sjá hversu margar fjölskyldur, hvort sem þær tengjast skátastarfi í dag eða frá fyrri tíð, vilja koma, njóta útivistar, dagskrárinnar og samverunnar um leið og þeir upplifa töfra skátastarfsins.

Þátttakendur eru sammála um að allt hafi tekist eins og best var á kosið. Í umræðunni hefur þó verið að mótið sé fulllangt og að fimm nætur væru nóg. Elstu skátarnir gætu farið á undan og tekið þátt í svipaðri dagskrá og var í sumar. Einnig ræða menn hvort landsmót séu haldin of ört og telja mót á tveggja ára fresti vera of mikið og að þau hamli þátttöku félaganna í öðrum viðburðum.



Einbeitt við eldhússtörfin

Líklega getir flestir gamlir skátar verið sammála um að landsmót skáta er ólýsanleg upplifun fyrir barn, sama á hvaða aldursbili það er. Gleðin, frelsið og vináttan sem myndast er eitthvað sem erfitt er að færa í orð. Víst þykir að skátahópurinn okkar á þessu móti hafi upplifað sömu

tilfinningar, sé litið til fjölda brosa á andlitum þeirra og dásamlega samveru með þeim. Skátarnir okkar voru að öllu leiti sjálfum sér og félagi sínu til sóma og ber það merki um hversu frábærlega vel gerð ungmenni Garðabæ á.

Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir
fararstjóri



Tjaldbúð á landsmóti – jólastemming

SEPTEMBER

Skátafundir

Skátasveitir hófu vetrarstarf sitt með fyrstu fundum í vikunni 15. – 19. september.



Glaðir skátar á fundi

Félagsráðsfundur

Sunnudaginn 9. september var haldinn félagsráðsfundur þar sem vetrarstarfið var undirbúið. Allir fengu kennslu á félagatalið á vef BÍS og gerðar voru áætlanir sveita. Þess var og gætt að fundarmenn fengju eitthvað gott að borða yfir daginn.



Foringjar vera saman bækur sínar

Gilwell

Fimm skátar úr Vífli hófu Gilwellþjálfun og hafa lokið tveimur af fjórum námskeiðspáttum. Fjórir þeirra eru starfandi foringjar og einn sinnir sérstökum verkefnum. Nokkrir Gilwellskátar sóttu framhaldsnámskeið Gilwell og nældu sér í þriðju perluna.



Stolt af perlunum sínum

OKTÓBER

Forsetamerkið

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti 16 rekkaskátum Forsetamerkið við hátíðlega athöfn í Bessastaðakirkju laugardaginn 4. október. Átta úr þessum hópi eru skátar í skátafélaginu Vífli í Garðabæ. Við athöfnina þjónuðu níu skátar úr félaginu, stóðu heiðursvörð og lásu upp texta.

Rekkaskátarnir skrá vegferð sína í ferilskráningarbók/dagbók. Form bókarinnar er frjálst og hvatt er til fjölbreytilegrar útfærslu. Auk hefðbundinna bókaskrifa má nota ljósmyndir, kvikmyndir, blogg færslur, dagbókarfærslur, ljóð eða myndverk. Framsetningin þarf þó alltaf að vera skýr og lýsa skátastarfi rekkaskátans, upplifun hans og sjálfsmati vel. Unnið er að merkinu í tvö ár.

Að athöfn lokinni höfðu samanlagt 1337 dróttskátar og rekkaskátar hlotið Forsetamerkið frá því það var fyrst afhent árið 1965. Forsetamerkishafarnir árið 2014 úr Vífli eru:

Arnar Páll Jóhannsson

Fannðís Eva Friðriksdóttir

Halldór Fannar Sveinsson

Hjördís Þóra Elíasdóttir

Jón Egill Hafsteinsson

Kristín Ósk Sævarsdóttir

Sigurður Óli Traustason

Urður Björg Gísladóttir



Stoltir forsetamerkishafa með foringjum sínum og forseta Íslands

NÓVEMBER

Félagsútilega Vífils

Hún var haldin 30. október til 2. nóvember í Bláfjöllum. Þema útilegunnar var Hrekkjavaka. Þátttaka var góð. Rekkaskátar undirbyggdu dagskrána og stýrðu henni. Allt gekk mjög vel og var dagskráin mjög vel undirbúin og vel hugað að ábyrgð hvers og eins á verkefnum og því að dreifa þeim. Baklandslíðar stóðu vaktina í eldhúsinu og urðu fyrir ýmsum hrekkjum því matarlit var bætt úr í súrmjólkina og í rjómann á vöfflurnar. Í heildina voru um 80 manns sem tóku þátt í útilegunni sem er svipuð þátttaka og í félagsútilegunni árið áður.



Það stórsá á starfsmanninum

Jólabingó

Hið árlega jólabingó skátafélagsins var haldið þriðjudaginn 25. nóvember kl. 18:00. Bingóið var í umsjón drekaskátasveitarinnar Furðufugla og gekk afar vel. Mikið úrval var af veglegum vinningum. Að venju var góð aðsókn að bingóinu og í hléi voru seldar pizzur og gos og rann andvirðið í ferðasjóð skátanna.

Fósturbarn Vífils, Ana Karina Gonzales Hernádes, frá El Salvador er orðin það gömul að hún nýtur ekki lengur styrkja frá félaginu og ákvað drekaskátasveitin að í ár skyldi ágóðinn renna til SOS barnaþorpa.



„Bé tveir, bé tveir“

Jóla kvöldverður

Árlegt jólaboð Vífils var haldið fimmtudaginn 11. desember og var boðið þangað heiðursfélögum, foringjum, virkum baklandsliðum, mökum og öðrum góðum gestum t.d. embættismönnum hjá Garðabæ, rútubílstjóranum okkar og fleirum. Örn Arnarson flutti nokkur lög á gítar og veislugestir brustu í söng. Björn Hilmarsson flutti sinn annálaða annál og skemmti gestum. Menn tóku hraustlega til matar síns og yfirgáfu samkvæmið í jólaskapi.

Þeir Atli Bachmann og Brynjar Hólm Bjarnason fengu afhent *Gullmerki Vífils* fyrir einstakt framlag þeirra til félagsins um langt árabíll. Í bæjarstjórn Gunnar Einarsson var nælt silfurmerki nr. 1 enda hefur hann verið dyggur stuðningsmaður félagsins í starfi sínu. Fulltrúar stjórnar BÍS sæmdu síðan Björn Hilmarsson *Skátakveðjunni úr gulli*. Björn á þá viðurkenningu fyllilega skilið enda hafa fáir unnið eins vel og lengi fyrir hreyfinguna. Stiklað var á stóru yfir feril Björn sem er litríkur og fjölbreyttur.

Jóla fundur félagsráðs

Var haldinn 17. desember. Fundarmenn gæddu sér á konfekt og þáðu jólagjafir frá stjórn í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf. Setið var og spjallað um daginn og veginn og auðvitað starfið í félaginu.

3.5 Undirbúningur fyrir Alheimsmót skáta

13 skátar úr Vífli stefna á að fara á Alheimsmót skáta sem haldið verður í Japan sumarið 2015. Undirbúningur fyrir mótið hefur staðið yfir síðastliðið ár þar á meðal fjáraflanir, fundir og hópefli þátttakenda. Á Landsmóti síðastliðið sumar voru haldnir tveir fundir þar sem þátttakendur mættu og kynntust hver öðrum í leik og spjalli. Í vetur hafa verið haldnir foreldrafundir þar sem ferðatilhögun var kynnt fyrir þátttakendum og forráðamönnum þeirra. Víflarnir hafa verið sérlega öflugir í fjáröflunum og hafa þær gengið vel. Nýjasta fjáröflun þeirra er skipulagsdagatal sem þau létu útbúa fyrir sig og hefur salan gengið mjög vel í bænum. Þau hafa verið í samstarfi við þátttakendur úr Svönum í fjáröflunum og hefur samstarfið gengið mjög vel. Nú eru tæpir fimm mánuðir í mótið og er hópurinn orðinn gríðarlega spenntur fyrir ferðinni.



Hátíðarsvæðið á landsmóti

4 Skýrslur skátasveita


Starfið í skátasveitunum er mjög fjölbreytt og byggist á vikulegum fundum sveita og flokka. Skátastarfinu er skipt í aldurstig sem miðast við 7 – 22 ára aldurinn. Sveitarforingjar eru 18 ára eða eldri og aðstoðarforingjar 16 ára og eldri. Hverri sveit er síðan skipt í flokka og er flokksforingi settur yfir hvern flokk. Allar sveitir eru kynjablandaðar og vinna strákar og stelpur saman.

Unnið hefur verið að því að fastsetja fundatíma sveitanna milli ára til að gera foreldrum og skátum auðveldara um vik við skipulagningu tómstundastarfs. Vegna fjölgunar í fálkaskátum þurfti að tvískipta þeim og gekk það upp vegna þess hve margir foringjar voru tilbúnir að vinna með krökkunum. Stefnt er að því að fastir fundartímar verði sem hér segir:

Drekaskátar 7-9 ára	þriðjudagar kl. 17:00
Fálkaskátar 10-12 ára	miðvikudagar kl. 17:00 fimmtudaga kl. 17:00
Dróttaskátar 13-15 ára	mánudagar kl. 20:00
Rekkaskátar 16-18 ára	fimmtudagar kl. 20:00
Róverskátar 19-22 ára	eftir samkomulagi



Kynjaskipting í skátasveitum



4.1 Drekaskátar 7-9 ára

Drekaskátastarfið hefur gengið framár vonum í haust. Sveitarforingjar eru Jón Egill og Urður Björg og aðstoðarsveitarforingjar eru Laufey og Christa, sem var vígð inn í starfið í haust. Starfið byrjaði með hvelli og á fyrsta fund mættu 14 krakkar og hófu starfsárið með kynningarleikjum og sykurlúðaáti. Á hvern fund mæta u.þ.b. 12 krakkar en í sveitinni eru 16



krakkar skráðir. Það sem krakkarnir hafa gert í haust er t.d. gifsgrímu- og búningagerð sem var hluti af skrímslapema. Búin var til myndasaga, sprengd melóna, farið í kassaklifur og margt fleira. Farið var í dagsferð upp í Bláfjöll þar sem félagsútilega Vífils var í gangi og gekk sú ferð frábærlega. Hauststarfið endaði með jóla-innilegu sem heppnaðist vel. Þar var leikið í snjónum, appelsínur skreyttar með negul og horft á bíómynd og haft það kósý. Foringjar eru ánægðir með haustið og ætla sér að hafa starfið eftir jól jafn gott ef ekki ennþá betra.

Með drekakveðju

Jón Egill, Urður Björg, Laufey og Christa

Hellaferð – ú spennandi

4.2 Fálkaskátar 10-12 ára

Haustið 2014 voru fálkaskátar, alls 41, í tveimur sveitum. Önnur fundaði á miðvikudögum og hin á fimmtudögum. Á miðvikudögum voru fimm foringjar og á fimmtudögum voru fjórir foringjar, miðvikudagsforingjarnir voru Arnar Páll, Eiríkur Egill, Fanndís Eva, Hjördís Þóra og Sigurður Pétur og á fimmtudögum voru Erik Hafþór, Halldór Fannar, Kristín Helga og Snorri. Eins og undanfarin ár var fálkaskátunum kynjablandað.

Fálkaskátar á miðvikudögum

Fálkaskátarnir á miðvikudögum voru 19, kynjahlutfallið var að þessu sinni mjög jafnt. Fálkunum var skipt í þrjá flokka. Á miðri önn þurfti að skipta flokkum vegna agavandamála og reynt var að taka á vandamálum um leið og þau komu upp í samráði við starfsmann.

Dagskráin er keyrð eftir nýju dagskrárkerfi BÍS og tekur hver dagskrárhringur fjórar vikur. Það er talið henta mjög vel þótt bandalagið leggi upp með sjö vikna dagsskrárhring. Flokkarnir fá að velja sér viðfangsefni og aðstoða foringjarnir skátana við að útfæra fundina. Valið hefur gengið vel eftir enda leggja foringjarnir mikið upp úr því að vera skipulagðir. Í hverjum dagskrárhring er tekið fyrir eitt þema. Þemun sem voru á haustönn voru: *Inni pinni, Kokkar og könnuðir* og *Út um víða veröld*. Þau verkefni sem flokkarnir hafa fengist við eru m.a. heimsókn í HSG, klifurferð í Klifurhúsið, sund, leðurvinna, útiöldun, bakstur, skreyting piparkökuhúsa, bíókvöld, snyrtikvöld, brjóstsykursgerð, gipsgrímugerð, útileikir, tálgun og fleira. Þemun gengu

vel, en í Kokkum og könnuðum var mikið um vettvangsferðir og erfitt var að koma vali flokkana í framkvæmd í því þema.

Sveitin fór í eina dagsferð í desember á skauta og stefnt er á fleiri dagsferðir á vorönn. Sveitin fór í eina sveitarútilegu í Vífilsbúð þar sem 16 krakkar mættu með bros á vör. Erfitt var að fá krakka til að skrá sig í þessa útilegu en kvöldið áður tók skráningin við sér. Foreldrar keyrðu. Vel gekk að fá foreldra til að keyra upp í Vífilsbúð en erfiðara var að fá þau til að sækja. Vegurinn er alls ekki góður og voru foreldrarnir ekki tilbúnir að leggja það á bílana sína að fara þangað. Gist var í Vífilsbúð í tvær nætur. Í útilegunni var farið í leiki, gönguferð, hellaferð í Maríuhella, haldin var kvöldvaka og einnig voru nokkrir skátar vígðir inn í sveitina. Sveitin tók þátt í félagsútilegunni í Bláfjöllum og skemmtu krakkarnir sér konunglega þar. Þemað var Halloween og höfðaði það vel til krakkanna.

Arnar Páll, Eiríkur Egill, Fanndís Eva, Hjördís Þóra og Sigurður Pétur



Hrekkjalómar í félagsútilegu

Fálkaskátar á fimmtudögum

Fyrsti dagskrárhringur skoðunarferðir og matargerð (Kokkar og Könnuðir). Fálkaskátar völdu sig saman í flokka. Farið var í hellaferðir, útiöldun og matargerð. Dagskráin féll vel í kramið hjá fálkaskátunum.

Annar dagskrárhringur útiþema (Útibjúti). Þrátt fyrir ítrekaðar óskir um heimsóknir í fyrirtæki, t.d. Landhelgisgæsluna var erfitt að verða við óskum skátana vegna neikvæðra viðbragða fyrirtækjanna. Af þessum sökum var erfitt að koma til móts við óskir fálkaskátanna og olli það ósætti meðal þeirra. Að lokum var hægt að finna dagskrárliði sem flestir sættu sig við.

Þriðji dagskrárhringur inni þema (Innipinni). Upp komu smá leiðindi á milli flokksmeðlima og var því brugðið á það ráð að blanda flokkunum saman til að reyna að fá krakkana til að sættast. Breytingin á flokkunum fór misvel í flesta fyrst en þegar að lengra leið þá voru langflestir búnir að taka nýju hópana í sátt. Á fundunum gerðu krakkarnir ýmist púðavirki, brjóstsýkur, ís í poka, fóru í kassaklifur eða horfðu á mynd.

Innilega hjá fálkaskátum í desember (Inni-lúmm-lúmm). Í desember var farið með meirihlutann af fimmtudagskrökkunum í innilegu í Jötunheimum. Því miður þurfti að senda eitt barn heim vegna þess að sá aðili var með stæla og derring. En þrátt fyrir þau leiðindi þá gekk innilegan mjög vel ekki virtist annað vera en að langflestir hafi farið mjög ánægðir heim í

jólafrí. Krakkarnir léku sér mikið úti í snjónum, horfðu á mynd áður en þau fóru að sofa og daginn eftir fóru þau aftur út í snjóinn og gerðu meðal annars risastóran snjóbolta. Eldaður var mjög mikill góður matur sem að börnin borðuðu með bestu lyst og eftir kakódrykkju komu foreldrar og sóttu börnin sín.

Snorri, Halldór, Erik og Kristín



Skátalíf er útilíf

4.3 Dróttskátar 13-15 ára – DS. Fenris

Veturinn 2014-2015 hafa Eyrún Ósk, Salbjörg Kristín og Ingólfur verið Dróttskátaforingjar og staðið sig með stakri þryði. Skráðir eru 24 skátar en á fundi mæta um 20 að meðaltali. Í upphafi störfuðu krakkarnir í þremur flokkum en vegna aukins fjölda seinna meir urðu þeir fjórir.

Starfið hefur einkennst mikið af “matargerð” fyrir jól, eða þar að segja vildu krakkarnir mikið vera búa til brjóstsykur, candyfloss og baka. Farið var í vígsluútilegu í Vífilsbúð og í félagsútilegu.

Starfið hefur gengið mjög vel og krakkarnir virðast vera ánægðir með það. Það sem hefði mátt fara betur á þessu ári er að við farið var í fáar útilegur og fáar dagsferðir.

Bestu kveðjur Eyrún Ósk, Salbjörg Kristín og Ingólfur

4.4 Rekkaskátasveitin RS Islandus

Vorönn

Árið hófst með 13. gleði Vífils, með kakó o.fl. Fundir voru áfram á fimmtudögum HSG (Guðrún Þórey) sá um einn fund í mánuði, ýmislegt var gert á fundum s.s. útiöldun, spilakvöld, útileikir og margt fl. Tókum þátt í nokkrum fræðslukvöldum BÍS s.s. varðeldastjórnun, súrringum o.fl. Tvær útilegur voru farnar með RS. Fantasíu, og árshátíð haldin í lok maí.

Sumar

Farið var á Landnemamót í Viðey, og undirbúningur fyrir landsmót skáta, málaðir skyldir o.fl. Landsmót skáta var svo haldið í júlí og voru þar um 20 rekkaskátar. Ágúst mánuður fór svo í að klára dagbókina fyrir forsetamerkið.

Haustönn

Dagskráin fór af stað um haustið með eðlilegum hætti. Nokkrir rekkar tóku að sér foringjastöður, og átta skátar fengu forsetamerki. Níu skátar aðstoðuðu við athöfnina. Félagsútilega var haldin í lok október, og sáu mismunandi aldursflokkar um mismunandi dagskrá í útilegunni. Í vetur ákváðum við að virkja meira sveitaráðið í skipulagningu á starfinu, og gengur það mjög vel. Skráðir Rekkaskátar um áramót voru 27.



Atli B. Bachmann.
Ólafur Patrick Ólafsson.
Magnús Jökull Traustason

Allt getur gerst á skátafundi

4.5 Róverskátar 19-22 ára

Ekkert formlegt starf var hjá róverskátasveitinni þetta árið.

5 Skýrslur fastanefnda

Við skátafélagið Vífil starfa fjórar fastanefndir, þær eru: Húsfélag, húsnefnd, skálanefnd og fræðslu- og kynningarráð. Starfsárið 2014 voru þrjár nefndanna óvirkar.

5.1 Húsnefnd



Starfsárið 2014-2015 voru eftirtaldir í húsnefnd Vífils:

Jóhann S. Erlendsson.

Brynjar Bjarnason

Sverrir Magnússon

Björn Hilmarsson

Eins og hin fyrri ár komu margir aðilar Húsnefnd til aðstoðar og eru þessir sérstaklega nefndir:

Atli B. Bachmann og feðgarnir Trausti Sigurðsson og Magnús Jökull.

Einnig Hanna Dóra, Unnur, Gulli, Tóti og Hafdís og fleiri og fleiri.

Sem fyrr er það staðföst trú Húsnefndar að það sé ómetanlegt að hafa allar þessar hjálparhendur og er þeim ásamt fjöldamörgum öðrum þakkað fyrir þær fjölmörgu klukkustundir sem fóru í Húsnefndarstörf.

Verkefni Húsnefndar á starfsárinu 2014 voru margvísleg:

Sem fyrr er allt of langt mál að telja upp öll verkefni Húsnefndar og verður því eins og venjulega aðeins stiklað á stóru.

Fastir liðir í starfi Húsnefndar eru auðvitað TTH-kvöldin eða Tiltektarhátíðir, en þær eru að verða sívinsælli.

Dagskráin var eftirfarandi:

Janúar: TTHÚ – Tekið til á Úlfljótsvatni – á Fræðasetri skáta.

Að beiðni Fræðaseturs skáta fór vaskur hópur í málningarvinnu og tiltekt.



Janúar: Þrjónakvöld var ekki beint á vegum Húsnefndar, en klárlega sá Húsnefnd um að allt færi vel fram!




Janúar: Allir stólar í salnum hreinsaðir

Leigðar voru vélar til að þrifa stólana og var það hressilega unnið.



Mars: Stólar sendir til bólstara:

Gömlu góðu grænu stólarnir fengu nýtt andlit og urðu í stíl við annað.



Apríl: TTH-dagur

Tekið til í skúrnum og fyrir framan húsið. Einnig farið upp í Vífilsbúð og sófinn lagaður o.fl.



Maí: TTH í Jötunheimum.

Allt umhverfi Jötunheima og víðar var tekið í gegn í vorhreingerningu félaganna.

Gengið var með læknum og með Silfurtúni og Hafnarfjarðarvegi. Miklu rusli var safnað eins og hin fyrri árin. Að lokinni tiltekt var skellt upp grillveislu og fengu allir pylsur og gos.



Júní: TTH eftir 17. júní.

Enn á ný tiltekt í skúrnum og í húsinu. Tjöldum pakkað og gengið frá.



Vor og sumar 2014 : Endalaus tiltekt hjá sumarstarfsfólki.

Sem fyrr var okkar frábæra sumarstarfsfólk sífellt að taka til og ganga frá. Húsnefnd hefur ekki í mannaminnum komið að húsinu svo fínu eftir sumarstarfið.

Bestu þakkir fyrir !



Húsnefnd vill ráða þennan !



September: Unnið fyrir Úlfljótsvatn

Húsnefnd barst hjálparbeiðni frá Guðmundi á Úlfljótsvatni, en það vantaði röska menn í niðurrif á milliveggjum sem áttu að flytjast austur.



Nóvember: TTH – Hús og skúr.

Húsnefndin mætti til leiks og tók til í skúrnum og víðar. Atli var maðurinn á bak við tjöldin og stelpunum þótti frábært að fá loks hillu í eldhússkápin. Meira að segja var fluttur til tengill fyrir uppvöskunarvélina.



Desember - Alls ekki málað !

Húsnefnd var sérstaklega beðin að halda að sér höndum og mála ekki í desember. Húsnefnd sat þó ekki auðum höndum, heldur vann hver og einn heima hjá sér í staðinn!

Ótrúlega frábær umgengni í húsinu eftir sumarstarf !

Þótt Húsnefnd hefði varla trúað sínum eigin augum, þá ber að þakka hinn frábæra frágang sumarstarfsmanna eftir sumartörnina. Allt var algjörlega til fyrirmyndar og voru heilu kvöldin sem áttu að vera skipulögð sem TTH kvöld breytt hið snarasta yfir í gönguferðir Baklands sem voru hinar skemmtilegustu. Þakkar Húsnefndin sérstaklega fyrir það.



Lokaorð:

Á árinu 2014 voru einnig ýmsar aðrar annir hjá Húsnefnd við hin ýmsu störf í húsinu og voru ekki allar aðgerðir auglýstar opnar gestum. Sífelld var t.d. skipt um perur, hurðir lagaðar og karmar festir ásamt fleiru.

Aðeins inn á árið 2015:

Nú stefnir í undirbúning á viðbyggingu með lyftu í anddyrinu. Það mun bæta aðstöðu okkar en jafnframt verður erfitt tímabil á meðan á framkvæmdum standur. Brýnum fyrir öllum að það verkefni þarf að ganga vel og skemmtilega eins og önnur í húsinu !

Að lokum minnir Húsnefnd félaga í Vífli að ganga vel um húsið – enda eigum við það sjálf!

Með kveðju frá Húsnefnd og þakklæti fyrir samstarfið.

Björn, Brynjar, Jóhann, Sverrir.

Sem og: Atli, Trausti, Magnús Jökull, o.fl. o.fl.

5.2 Skálanefnd

Formlegt starf skálanefndar fór ekki fram á árinu. Baklandið sá um skálann og er unnið að því að skipa skálanefnd og skálastjóra.

5.3 Fræðslu- og kynningarráð

Þessi nefnd var óvirk sl. ár að mestu. Þó var skipað vefráð sem vann að endurnýjun vefsíðu félagsins í samstarfi við Guðmund Pálsson. Vefráðið skipuðu Arnar Páll Jóhannsson, Björn Hilmarsson, Guðrún Þórey Sigurbjörnsdóttir og Hafdís Bára Kristmundsdóttir.



Tjaldbúðavinna á landsmóti

6 Sumarstarf Vífils

Sumarnámskeiðin gengu afar vel þetta sumar og var metþátttaka. Á sum námskeiðin komust færri að en vildu og þá sérstaklega smíðanámskeiðin. Þær vikur sem ekki er útilega virðast vera vinsælli og það þarf að skoða. Fjölbreytt dagskrá var í boði og mikið ferðast um á hjóli eða með strætisvagni. Mikil ánægja er meðal foreldra og barna og njóta námskeiðin traust og virðingar.

Skiptingu barna á námskeiðin má sjá í töflunni hér fyrir neðan:

Tegund námskeiðs	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda
Grallaranámskeið fyrir 5-6 ára	3	49
Ævintýranámskeið fyrir 7-10 ára	8	214
Útilífsnámskeið fyrir 10-12 ára	1	14
Smíðanámskeið	6	192
Alls	18	446

Fjöldi námskeiða og þátttakenda

Ártal	Vikur alls	Fjöldi barna
2014	8	446
2013	8	388
2012	8	411
2011	8	507
2010	7	441
2009	9	276
2008	8	374
2007	10	469
2006	9	466
2005	?	377



Færri komust að en vildu á smíðavellinum

Á engan er hallað þegar sagt er að umsjónarmenn námskeiðanna Hervald og Thelma stóðu sig frábærlega vel og höfðu sér til fulltingis reynslumikinn og þéttan starfsmannahóp. Margir voru í starfi annað sumarið sitt og nokkrir í þriðja sinn sem er mjög gott og skapar ákveðinn stöðugleika. Alls voru 29 starfsmenn og þar af 21 eldri en 16 ára úr sumarátaki Garðabæjar. Átta starfsmenn komu úr vinnuskólanum og voru á 16 ári. Vel tókst að sinna börnum sem þurftu aukastuðning auk þess sem félagsþjónustan útvegaði sérstakan stuðning við þau börn sem þess þurftu.

Starfsmenn sóttu námskeið í byrjun júní. Það voru skyndihjálparnámskeið og leikjanámskeið á vegum BÍS, Verndum þau á vegum Barnaverndarstofu og nokkrir sóttu sérstakt sundvarðanámskeið á vegum íþróttafulltrúa Garðabæjar. Forstöðumenn héldu starfsmannagleði þrisvar sinnum yfir sumarið og jók það á samheldni og ánægju starfsmanna.



Sætar á sumarnámskeiði

Innheimta námskeiðsgjalda gekk mjög vel þetta sumar enda fast haldið utanum. Haft var samband við þá sem ekki höfðu greitt á þriðjudegi og brugðust menn mjög vel við því. Greiðslukerfið á vegum BÍS hentar ekki fullkomlega og þarfnast úrbóta.

Efnisöflun gekk vel en nú orðið þarf að kaupa inn efni. Góðir samningar hafa þó náðst og nýtur félagið velvilja nokkurra kaupmanna sem sjá því fyrir hentugu efni á mjög góðu verði. Í lok sumars skiluðu umsjónarmenn mjög greinargóðri skýrslu sem inniheldur margar ábendingar um það sem gekk vel og hvað gera má betur. Hún mun nýtast vel við undirbúning næsta sumars.



Bestu kveðjur frá Vífli!

Garðabæ 5. mars 2015

Hafðís Bára Kristmundsdóttir
félagsforingi

Starfsáætlun Vífils 2015-2016



Markmið

*Skemmtilegt og styrkjandi skátastarf
Eflandi útilíf og lifandi leiðtogaþjálfun*

- Skila gæðastarfi sem er til eftirbreytni
- Leggja áherslu á innra starf félagsins og að allir fái notið sín
- Standa vel að föstum viðburðum sem fyrr
- Auka fjölbreytni í starfi sveita og flokka
- Meira útilíf – fleiri áskoranir
- Endurnýja Gæðaviðurkenninguna í þriðja sinn
- Áfram sumarnámskeið
- Fara á Drekaskátamót
- Mæta á Viðeyjarmót
- X þátttakendur á Alheimsmót í Japan (Fararstjóri)
- Skunda á skátamót í Devon – Gilwell park - Brownsea Island
- Nota meira skátabúninginn – einkenni okkar
- Styrkja foringjana - foringjaþjálfun
- Fræða foreldra
- Efla vefinn og fréttamiðlun
- Auka umhverfisvitund – grænt skátafélag
- Virkja umhverfisstefnu
- Auka nýtingu á Skátagarðinum
- Virða styrka fjármálastjórnun
- Ljúka málum vegna deiliskipulags
- Byggja lyftuhús
- Viðhalda og endurbæta húsnaði
- Taka til hendinni
- 10 skátar taki við forsetamerkinu haustið 2015
- Festa Þrjónakaffi betur í sessi
- Fjölga Baklandsviðburðum
- Vera sýnileg í bæjarfélaginu
- Ákveða framtíð Vífilsbúðar
- Byrja á Útilífsmiðstöð við Grunnuvötn
- Gera eignarskrá
- Undirbúa 50 ÁRA AFMÆLIÐ 2017

Samþykkt á aðalfundi 5. mars 2015.
Hafdís Bára Kristmundsdóttir
félagsforingi